

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 9. desember 2020

Mál nr. E-6958/2019:

Landsbankinn hf.

(Stefán Þór Eyjólfsson lögmaður)

gegn

Arnari Þór Ólafssyni

(Skúli Sveinsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 15. nóvember 2019, var dómtekið 22. október sl. Stefnandi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11 í Reykjavík. Stefndi er Arnar Þór Ólafsson [...].

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér 40.161.843 krónur ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 31.909.693 kr. frá 28.11.2015 til 30.11.2015, af 31.963.093 kr. frá 30.11.2015 til 3.12.2015, af 35.442.491 kr. frá 3.12.2015 til 28.12.2015, af 35.451.287 kr. frá 28.12.2015 til 4.4.2016, af 35.580.618 kr. frá 4.4.2016 til 18.4.2016, af 40.098.669 kr. frá 18.4.2016 til 2.5.2016, af 40.116.469 kr. frá 2.5.2016 til 3.5.2016, af 40.126.243 kr. frá 3.5.2016 til 6.5.2016, af 40.161.843 kr. frá 6.5.2016 til greiðsludags.

Til frádráttar kröfunni komi eftirfarandi innborganir, sem dragist frá kröfunni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi og sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls: 31.10.2014 60.000 kr., 24.11.2015 700.000 kr., 3.12.2015 150.000 kr., 3.12.2015 2.686.000 kr., 3.12.2015 550.000 kr., 7.12.2015 710.000 kr., 9.12.2015 625.000 kr., 9.12.2015 3.175.000 kr., 16.12.2015 150.000 kr., 4.1.2016 2.325.000 kr., 4.1.2016 1.400.000 kr., 5.1.2016 612.000 kr., 8.1.2016 442.000 kr., 8.1.2016 212.500 kr., 8.1.2016 646.000 kr., 8.1.2016 150.000 kr., 8.1.2016 1.122.000 kr., 8.1.2016 680.000 kr., 8.1.2016 306.000 kr., 8.1.2016 1.122.000 kr., 8.1.2016 150.000 kr., 19.1.2016 918.000 kr., 15.2.2016 150.000 kr. 16.2.2016 2.597.122 kr., 4.4.2016 884.000 kr., 4.4.2016 265.000 kr., 4.4.2016 1.122.000 kr., 4.4.2016 150.000 kr. og 10.5.2016 170.000 kr.

Auk þessa krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans.

I.

Krafa stefnanda byggist á kaupleigusamningi nr. 134102, dags. 8. júlí 2013 á milli stefnanda, sem leigusala, og NF. ehf. (síðar NFF ehf.), sem leigutaka. Samningsverð samkvæmt samningnum var 92.850.000 kr. og leigutími 36 mánuðir. Við undirskrift samnings skyldi greiða 52.850.000 kr. og síðan mánaðarlegt leigugjald að fjárhæð 1.245.910 krónur út samningstímamann. Síðasti gjalddagi skyldi vera 15. júlí 2016. Í IX. kafla samningsins, sem nefnist „sérstök ákvæði/baktrygging“ er stefndi tilgreindur sem ábyrgðarmaður. Samningurinn er undirritaður af honum fyrir hönd leigutaka. Jafnframt undirritar hann samninginn sem ábyrgðarmaður með óskipta sjálfskuldarábyrgð. Nafn og kennitala stefnda er forprentuð undir þeirri undirskrift sem hann ritar eigin hendi en stimplar einnig með stimplinum „pr.pr. Nesfrakt ehf., kt. 490500-2780“. Undirskrift stefnda fyrir hönd leigutaka er stimpluð með sama stimpli. Ágreiningur málsins lýtur m.a. að því hvort stefndi sjálfur hafi með framangreindri undirskrift sem sjálfskuldarábyrgðarmaður tekist á hendur slíka ábyrgð á efndum samningsins.

Hinir leigðu munir samkvæmt framangreindum samningi voru m.a. 30 bifreiðar og vinnuvélar auk frystigáms og frystiklefa, svo sem þessum munum er nánar lýst í fylgiskjali II með samningnum. Sérstakur kaupleigusamningur var gerður fyrir hvert og eitt tæki og liggja þeir frammi í málinu. Þessir samningar eru óundirritaðir.

Leigugjöld fóru í vanskil frá gjalddaga 15. nóvember 2013. Samkvæmt 19. gr. samningsins var stefnanda heimilt að rifta samningnum ef leigutaki greiddi ekki gjaldfallin leigugjöld, önnur gjöld eða kostnað samkvæmt samningnum á umsömdum gjalddögum og vanskil væru orðin 45 daga gömul. Yrði samningnum rift skyldi uppgjör fara fram í samræmi við 20. gr. samningsins. Þar er m.a. kveðið á um skyldu leigusala til greiðslu gjaldfallinnar leigugreiðslu fram að riftun og að til frádráttar komi verðmæti þeirra muna sem leigutaki skilar til leigutaka. Nánar er svo mælt fyrir um hvernig verðmæti þeirra muna skuli fundið út.

Með tveimur úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur, kveðnum upp 17. febrúar 2015, var stefnanda heimilað að fá nánar greind leigutæki afhent með beinni aðfarargerð úr vörslum leigutaka. Í kjölfar þessa var tækjunum skilað og gert var upp í samræmi við ákvæði skilmála áðurgreinds leigusamningsins. Innborganir samkvæmt dómkröfu eru m.a. matsvirði tækjanna sem ráðstafað var á kröfuna í samræmi við uppgjörsákvæði samningsins. Í stefnu er nánar rakið hvernig fjárhæð kröfu málsins er fundin út. Þar sem ekki er tölulegur ágreiningur í málinu verður sundurliðun kröfunnar ekki nánar rakin.

Bú NFF ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 2015. Stefnandi lýsti kröfum samkvæmt framangreindum samningi í þrotabúið. Skiptum lauk 12. desember 2016 án þess að nokkuð fengist greitt upp í kröfu stefnanda.

Þann 10. janúar 2017, 9. janúar 2018 og 18. janúar 2019 sendi stefnandi stefnda yfirlit yfir ábyrgð hans á skuldum þriðja aðila, þ.á.m. skuldum NFF ehf. samkvæmt

áðurnefndum kaupleigusamningi. Kom fram á öllum yfirlitunum að öll skuldin væri gjaldfallin.

II.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefndi hafi tekist á hendur sjálfskuldaábyrgð á greiðslum samkvæmt kaupleigusamningi NF ehf., síðar NFF ehf., við stefnanda nr. 134102, undirrituðum 8. júlí 2013. Beri stefnda sem ábyrgðarmanni á samningnum að greiða kröfuna. Þar sem aðalskuldari, NFF ehf., sé gjaldþrota, sé stefnanda ómögulegt að afla dómsúrlausnar um skyldu leigutaka til að greiða skuldina.

Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir. Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafist er dráttarvaxta fjórum árum frá þingfestingu af gjaldfelldum stöðum kaupleigusamninganna í samræmi við 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

III.

Stefndi andmælir ekki lýsingu málavaxta eða fjárhæðum kröfu stefnanda en byggir sýknukröfu sína aðallega á aðildarskorti með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Hvað þá málsástæðu varðar vísar stefndi í fyrsta lagi til þess að hann hafi ekki undirritað umdeildan samning í eigin nafni, heldur fyrir hönd lántakanda og ritað firma félagsins. Það sjáist af því að undirritun hans sé stimpluð með stimplinum „pr.pr. Nesfrakt ehf. kt. 490500-2780“. Slík undirritun skuldbindi hann ekki persónulega heldur firmað, sbr. 28. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Eigi það hvort tveggja við um undirritun hans f.h. aðalskuldara og undirritun sjálfskuldarábyrgðarmanns. Með stimplun pr.pr. og undirritun eigin hendi hafi stefndi verið í góðri trú um að hann væri að rita firma félagsins og hafi því ekki átt von á því að reynt yrði að gera hann persónulega ábyrgan fyrir þeim lánasamningi sem stefnandi byggir málatilbúnað sinn á. Að auki hafi þrír starfsmenn stefnanda undirritað samninginn án athugasemda við ritun firma félagsins.

Þá hafi stefnandi vanrækt skyldu sína til að meta hæfi lántakanda og ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat gæfi vísbendingu um að lántakandi gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sbr. II. kafla laga nr. 32/2009. Stefnandi hafi ekki verið upplýstur um lánshæfi lántaka við gerð samningsins. Hann kannist hvorki við að honum hafi verið kynnt gögn þau sem tilgreind eru í staflíðum a til i í 1. mgr. 5. gr. sömu laga né að þau gögn hafi verið lätin fylgja með láns- og ábyrgðarsamningi, sbr. 6. gr. laganna. Lögin eigi við í þessu tilviki, þar sem stefndi hafi

hvorki verið eigandi lántakanda, setið í stjórn hans né haft annan fjárhagslegan ávinning af lántökunni, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009.

Auk framangreinds hafi stefndi sjálfur með öllu verið ógjaldfær þegar stofnað hafi verið til skuldbindinga samkvæmt kaupleigusamningnum og hvorki stefnandi né aðrar lánastofnanir samþykkt hann sem ábyrgðarmann fyrir láni þriðja manns, enda hafi hann verið á vanskilaskrá á umræddum tíma.

Verði ekki fallist á ofangreint, byggir stefndi sýknukröfu sína á því að krafa stefnanda sé fyrnd. Fyrningartími kröfu á hendur ábyrgðarmanni skuldar fyrnist, líkt og krafa á hendur aðalskuldara, á tveimur árum frá skiptalokum þrotabús aðalskuldara, sbr. 7. gr. laga nr. 150/2007. Skiptalok þrotabús NFF ehf. hafi verið 12. desember 2016 og fyrningarfresti hafi ekki verið slitið innan tveggja ára frá þeim degi.

Ef hvorki verður fallist á sýknu á grundvelli aðildarskorts né fyrningar byggir stefndi að endingu á því að víkja eigi samningnum til hliðar í heild á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, þar sem það sé ósanngjarn og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnanda að gera stefnda að sjálfskuldarábyrgðaraðila að kaupleigusamningi lántaka. Í fyrsta lagi, hvað varðar efni samningsins, sé ljóst að stefndi ritaði firma félagsins, sbr. 28. gr. laga nr. 42/1903 og þar af leiðandi sé hann ranglega skilgreindur sem sjálfskuldarábyrgðaraðili á samningnum. Auk þess hafi honum við samningsgerðina ekki verið kynnt efni samningsins með hliðsjón af því að hann hafi verið að gerast sjálfsskuldarábyrgðaraðili fyrir félagið. Honum hafi heldur ekki verið ráðið frá að rita undir skilmála samningsins sem ábyrgðaraðili. Gjaldþrot aðalskuldara skömmu eftir að samningur hafi verið gerður veiti vísbendingu um slaka fjárhagsstöðu hans á samningsdegi. Þá sé mikill aðstöðumunur á aðilum, þar sem stefnandi sé fjármálastofnun sem sérhæfi sig í útlánum en stefndi einstaklingur sem hafi staðið höllum fæti fjárhagslega þegar samningurinn hafi verið gerður, m.a. höfðu verið gerð okkur árangurslaus fjárnám í eignum hans og áritaðar stefnur gegn honum. Hann hafi því ekki verið í stöðu til að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldum annarra og hafi heldur ekki haft neina ástæðu til eða frumkvæði að því að takast á hendur slíka skuldbindingu, sem hann sjálfur hafi engan fjárhagslegan ávinning haft af. Auk þess hafi stefnandi ekki gert athugasemdir við það að stefndi ritaði firma félagsins í reit sjálfskuldarábyrgðarmanns. Stefnandi og starfsmenn hans séu sérfræðingar í fjármálaviðskiptum og beri stefnandi því hallann af óskýrleika samningsins hvað þetta varðar en stefndi sjálfur hafi ekki talið sig vera að takast á hendur persónulega ábyrgð.

Framangreind háttsemi stefnanda fari gegn ákvæðum II. kafla laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, góða viðskiptahætti og venjur fjármálafyrirtækja, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002, og 9. gr. laga nr. 57/2005.

IV.

Í máli þessu greinir aðila á um hvort stefndi hafi með gildum hætti tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á kröfu stefnanda á grundvelli kaupleigusamnings milli stefnanda sem og NF ehf., kt. 490500-2780, frá 8. júlí 2013. Óumdeilt er að NF ehf., sem síðar fékk nafnið NFF ehf., stóð ekki við skuldbindingar samkvæmt samningnum og er nú gjaldþrota. Úrskurður um töku félagsins til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp 7. janúar 2015 og skiptum var lokið 12. desember 2016. Ekkert fékkst upp í lýstar kröfur stefnanda við gjaldþrotaskiptin. Því beinir stefnandi kröfu sinni um greiðslu eftirstöðva skuldbindinga samkvæmt nefndum samningi, og síðari viðaukum við hann, að stefnda á grundvelli umdeildrar sjálfskuldarábyrgðar hans. Ekki er deilt um fjárhæð kröfunnar.

Stefndi krefst sýknu vegna aðildarskorts og byggir á því að hann hafi ekki tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á ofangreindri kröfu. Hann hafi skrifað undir yfirlýsingu á áðurnefndan kaupleigusamning um sjálfskuldarábyrgð fyrir hönd Nesfraktar ehf. Það megi ráða af því að yfir undirskrift sína hafi hann stimplað „prpr. Nesfrakt ehf. kt. 490500-2780“. Í því felist að undirritun hans hafi ekki verið gefin í því skyni að takast persónulega á hendur sjálfskuldarábyrgð heldur hafi það verið nefnt félag. Fyrir liggur að kennitala NF ehf. og Nesfraktar ehf. er sú sama, en ekki liggur fyrir hvenær nafni félagsins var breytt.

Á framangreinda málsástæðu felst dómurinn ekki enda er umdeildur kaupleigusamningur skýr hvað þetta varðar. Annars vegar er skýrlega greint frá því í sérstökum kafla samningsins, sem ber heitið „sérstök ákvæði/baktryggingar“, að stefndi sé ábyrgðarmaður lánsins. Þá undirritar stefndi yfirlýsingu þess efnis að hann takist á hendur sjálfskuldarábyrgð á samningnum þar sem nafn hans og kennitala er prentuð undir undirskrift hans. Að mati dómsins getur það ekki haft úrslitabýðingu um gildi undirskriftar stefnda þótt hann hafi kosið að nota stimpil aðalskuldara til viðbótar undirskrift sinni.

Þá er því jafnframt hafnað að skortur á mati á greiðslugetu skuldara í samræmi við ákvæði laga nr. 32/2009 eigi að leiða til þess að ábyrgð stefnda falli niður. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. þeirra laga er með ábyrgðarmanni samkvæmt lögnum átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efndum lántaka. Ábyrgðin sé enda ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans. Stefndi hefur stundað atvinnurekstur líkan þeim sem NF/NFF hafði með höndum, þ.e. flutningastarfsemi og rekstur flutningabifreiða o.fl. Hann var eigandi og stjórnarmaður VFS ehf. Þá átti hann einnig félagið Horna í milli, sem ekki er lengur í starfsemi og einnig félagið Nesfrakt ehf. með kennitöluna 500500-2120. VFS, sem áður hét AT Trading ehf., var tekið til gjaldþrotaskipta 6. febrúar 2016 og lauk skiptum á þrotabúinu 10. október án þess að nokkuð fengist upp í lýstar kröfur. Samkvæmt gögnum málsins höfðu framangreind félög gert fjármögnunarleigusamninga,

að hluta til varðandi sömu bifreiðar og samningur sá sem hér er til umfjöllunar, þar sem stefndi er sjálfskuldarábyrgðarmaður. Jafnframt gaf hann út tryggingarbréf með veði í fasteign sinni, Rjúpnasölum 8, til tryggingar greiðslu samkvæmt nefndum samningum. Í skýrslu fyrir dómi bar stefndi, að þegar félag hans VFS ehf. fór í greiðsluþrot hafi hann hlutast til um að NF/NFF ehf. tæki yfir kaupleigusamninga þá sem sjálfskuldarábyrgð hans og tryggingarbréfið með veði í fasteign hans sjálfs stóð til tryggingar greiðslu á. Það hafi gengið eftir og hið nýja félag, sem hafi verið í eigu bræðra hans, hafi yfirtekið samningana og lagt til aukið fé með þeim samningi sem hér er deilt um. Þá verður framburður hans fyrir dómi ekki skilinn á annan veg en þann að með þessum samningi hafi hann sjálfur losnað undan sjálfskuldar- og veðábyrgð eldri samninga. Með hliðsjón af þessum atvikum máls verður að telja að stefndi hafi sjálfur haft fjárhagslegan hag af gerð kaupleigusamnings NFF ehf. við stefnda. Með samningsgerðinni losnaði stefndi sjálfur undan ábyrgð og veðsetningu leigusamninga sem félög hans höfðu gert á sama tíma og fyrirséð var að félög hans voru ekki í stöðu til að standa í skilum með afborganir leigusamninga. Í ljósi framangreindra atvika, og með vísan til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009, er ekki fallist á að ákvæði laganna taki til viðskiptanna.

Þá byggir stefndi jafnframt á því að víkja beri samningsákvæði um sjálfskuldarábyrgð hans til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Svo sem að framan greinir er unnt að slá því föstu að ábyrgðarskuldbinding samkvæmt þeim samningi sem hér er deilt um hafi, að minnsta kosti að hluta til, verið í þágu fjárhagslegs ávinnings stefnda sjálfs. Þá hefur stefndi ekki leitt líkur að því að fjárhagsstaða aðalskuldara, NF ehf., hafi verið þannig þegar samningurinn var gerður að fyrirséð hafi verið að það félag gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða að atvik eða aðstæður við samningsgerðina hafi að öðru leyti verið þannig að ósanngjarnt sé af stefnanda að bera ábyrgðina fyrir sig. Efni samningsins, eða atvik sem síðar komu til, veita heldur ekki stoð fyrir ályktun af því tagi. Er því hafnað þeirri málsástæðu stefnda að víkja beri ábyrgð hans til hliðar á grundvelli ákvæða samningalaga.

Að endingu er því hafnað að krafa stefnanda sé fyrnd á grundvelli 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 142/2010, enda verður þeirri sérreglu greinarinnar, um fyrningarfrést krafna, ekki beitt um kröfur á hendur aðalskuldara sem er lögaðili. Stefndi hefur ekki reifað frekar sjónarmið eða atvik sem geta leitt til þess að krafan teljist fyrnd samkvæmt öðrum ákvæðum sem gilda um fyrningu kröfuréttinda.

Með vísan til alls framangreinds er ekki fallist á málsástæður stefnda fyrir sýknukröfu sinni. Stefndi andmælir ekki fjárhæð kröfunnar, gjalddögum, innborgunum eða dráttarvöxtum. Verður krafa stefnanda því tekin að fullu til greina eins og í dómsorði greinir. Jafnframt verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sem er hæfilega ákveðinn 800.000. krónur.

Stefán Þór Eyjólfsson lögmaður flutti mál þetta af hálfu stefnanda og Skúli Sveinsson lögmaður af hálfu stefnda. Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 við meðferð málsins.

Dómsorð:

Stefndi, Arnar Þór Ólafsson, skal greiða stefnanda, Landsbankanum hf., 40.161.843 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 31.909.693 kr. frá 28.11.2015 til 30.11.2015, af 31.963.093 kr. frá 30.11.2015 til 3.12.2015, af 35.442.491 kr. frá 3.12.2015 til 28.12.2015, af 35.451.287 kr. frá 28.12.2015 til 4.4.2016, af 35.580.618 kr. frá 4.4.2016 til 18.4.2016, af 40.098.669 kr. frá 18.4.2016 til 2.5.2015, af 40.116.469 kr. frá 2.5.2015 til 3.5.2016, af 40.126.243 kr. frá 3.5.2016 til 6.5.2016, af 40.161.843 kr. frá 6.5.2016 til greiðsludags, allt að frádregnum eftirfarandi innborgunum: 31.10.2014 60.000 kr., 24.11.2015 700.000 kr., 3.12.2015 150.000 kr., 3.12.2015 2.686.000 kr., 3.12.2015 550.000 kr., 7.12.2015 710.000 kr., 9.12.2015 625.000 kr., 9.12.2015 3.175.000 kr., 16.12.2015 150.000 kr., 4.1.2016 2.325.000 kr., 4.1.2016 1.400.000 kr., 5.1.2016 612.000 kr., 8.1.2016 442.000 kr., 8.1.2016 212.500 kr., 8.1.2016 646.000 kr., 8.1.2016 150.000 kr., 8.1.2016 1.122.000 kr., 8.1.2016 680.000 kr., 8.1.2016 306.000 kr., 8.1.2016 1.122.000 kr., 8.1.2016 150.000 kr., 19.1.2016 918.000 kr., 15.2.2016 150.000 kr. 16.2.2016 2.597.122 kr., 4.4.2016 884.000 kr., 4.4.2016 265.000 kr., 4.4.2016 1.122.000 kr., 4.4.2016 150.000 kr. og 10.5.2016 170.000 kr. Auk þessa skal stefndi greiða stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir